

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 2002

25. febrúar 2002

371

Nr. 163

AUGLÝSING um deiliskipulag í Kópavogi.

Askalind 2A. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. desember 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2A við Askalind. Í breytingunni felst heimild til að stækka kjallara iðnaðarhúsnæðis sem verður að hluta undir bílastæðum sunnan hússins. Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 25. febrúar 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

1. mars 2002

Nr. 164

REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 114/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0706.1000	Gulrætur og næpur	04.03. - 30.06.02	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. mars 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.